

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti þann 2. mars síðastliðinn tillögu að breytingu deiliskipulags Akra.

Í breytingunni felst eftirfarandi:

- 20 einbýlishúsalóðum við Breiðakur og Byggakur er breytt í 39 raðhúsalóðir og 4 parhúsalóðir.
- Byggingarreitir einbýlishúsalóða eru stækkaðir og gerðir svokallaðir útbyggingarreitir.
- Heimilt er að byggja á 50% flatarmáls hvers útbyggingarreits.
- Hámarkshæð einbýlishúsa er hækkuð um 30 cm úr 4,9 m í 5,2 m. Meðalþakhæð aðliggjandi húsa í sömu götu er hækkuð samsvarandi. Áréttuð er túlkun um að nýta megi kjallara einbýlishúsa að uppfylltum skilyrðum í byggingarreglugerð.
- Gerðar eru minniháttar lagfæringar á einstökum einbýlishúsalóðum og texti lagfærður á stöku stað.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 30. mars 2006.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.